

141. löggjafarþing 2012–2013.

Pingskjal 730 — 89. mál.

Síðari umræða.

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

Liðurinn „Suðurland, Hólmsá, 21 Hólmsárvirkjun neðri við Atley“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færist í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).

Greinargerð.

Í minnisblaði orkuskrifstofu iðnaðarráðuneytisins frá 5. janúar 2012 koma fram upplýsingar sem sýna fram á að ekki sé ástæða til að ætla að óvissa ríki um áhrif framkvæmda við Hólmsárvirkjun á skóglendi eða legu raflína. Ekki verður betur séð en að gæði gagna séu fullnægjandi. Ekki virðist þörf á frekari rannsóknum til að röðun í orkunýtingarflokk fari fram.

